

kom Skúli hingað til að finna mig, og var hann þá hinn kátasti. Svo kom hann aftur í Nóvember, og var þá enn kátari og lék við hvern sinn fingur. Lofaði hann því þá statt og stöðugt, að koma til okkar um jólin og vera hjá okkur framá nýársdag. En fjórum dögum fyrir jól kom húsbóndi hans hingað — hann heitir Pedró de Miranda — og spurði mig, hvort ég vissi, hvar Skúli væri. Sagði hann að Skúli hefði horfið fyrir tveim nóttum síðan. Kvöldið fyrir hafði unglings-piltur komið þar að garði og talaði nokkra stund við Skúla, úti í hesthúsinu. Svo hvarf pilturinn von bráðar, og engum datt til hugar, að grenslast eftir erindi hans við Skúla. Skömmu seinna fór Skúli inní herbergi sitt. En um morguninn var hann allur á burtu; og var þá tekið eftir því, að hann hafði ekki legið í rúminu um nóttina.

„Hafði hann tekið fót sín með sér?“ sagði ég.

„Nei, hann hafði ekki einusinni haft fataskifti; og koffortíð hans var ólæst, og í því fundust meðal annars peningar, sem svöruðu þeirri upphæð, er hann átti, þegar hann fór héðan í fyrra. Virðist okkur Ólafi, að þetta benda til þess, að hann hafi ætlað að koma bráðlega aftur til baka, því ella hefði hann farið með peninga sína og klætt sig í sparifötin sín; því Skúli var, eins og þú manst, mjög áfram um það, að ganga vel til fara.“

„Já, hann var ætíð skartmaður mikill,“ sagði ég; „en svo hafði þið strax gjört tilraun til að leita að honum?“

„Já, það gjörðum við svikalaust,“ sagði Snorri; „við leitum að honum, eins og að saumnál, í fimm vikur.“

„Og fenguð þið lögregluna í lið með ykkur?“

„Já, bæði lögregluliðið og tvo æfða spæjara að auk. Og öll hugsanleg meðul hafa verið til að hafa uppi á manninum. Það hefir verið leitað í hverjum einasta af-